

A 1716/vækst

Flutningur Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Þingmannatillaga um sameiginlega stefnu Norðurlanda í flugmálum

Tillaga

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún efni til málþings eða hringborðsumræðna með aðilum vinnumarkaðarins og norrænum stjórnvöldum um sameiginlega stefnu í flugmálum, út frá tillögum SAMAK og annarra;

að hún beiti sér fyrir því að norræn stjórnvöld komi sér saman um sameiginlega flugmálastefnu Norðurlanda á vettvangi ESB, út frá tillögum SAMAK og annarra.

Forsaga

Flugumferð hefur stórauðist á undanföllum áratugum og hafa jafnaðarmenn í Norðurlandaráði margsinnis vakið máls á þeim vanda sem skapast hefur vegna þessa. Sú þróun hefur haft slæm áhrif á réttindi launafólks, samkeppnisfærni og flugöryggi.

Málið hefur einnig verið ofarlega á dagskrá hjá norrænu verkalýðshreyfingunni. Verkalýðshreyfingin er í megindráttum sammála jafnaðarmönnum um eðli málsins og mikilvægi þess að löndin grípi til sameiginlegra aðgerða.

Í janúar 2017 birti SAMAK, samstarfsnefnd alþýðusambandanna og jafnaðarmanna-flokkanna á Norðurlöndum, skýrsluna „Fremtidens flytrafik på fair vilkår“ (þýð. Flugumferð framtíðarinnar á sanngjörnum kjörum). Fulltrúar allra landanna komu að skýrslunni, en þar er að finna tillögu að sameiginlegri stefnu Norðurlanda varðandi pólitísk forgangsmál, svo sem óhefðbundin ráðningarform, heimastöðvar og ósanngjarna samkeppni frá þriðju löndum. Auk þess inniheldur skýrslan þrjátíu tillögur að nýrri stefnu Norðurlanda í flugmálum, í löndunum sem og á Evrópuvettvangi.

Sjá skýrsluna hér:

<http://samak.info/wp-content/uploads/2017/01/SAMAKs-rapport-om-luftfart.pdf>

Á árinu 2016 samþykkti og afgreiddi Norðurlandaráð tilmæli 2/2016 um Flugöryggi



og starfsskilyrði í flugi en tillöguna flutti flokkahópur jafnaðarmanna. Í framhaldinu funduðu fulltrúar hagvaxtar- og þróunarnefndar Norðurlandaráðs með samgönguráðherrum landanna og ræddu meðal annars öryggi og starfsskilyrði í flugsamgöngum gagnvart flugiðnaðinum, ráðherrum annarra ESB-landa, framkvæmdastjórn ESB og Evrópuþinginu. Jafnaðarmenn í Norðurlandaráði telja að enn sé þörf á markvissum aðgerðum á þessu sviði.

Ósló, 24. janúar 2017

Erkki Tuomioja (sd)
Eva Sonidsson (S)
Gunvor Eldegard (A)
Hege Haukeland Liadal (A)
Ineqi Kielsen (S)
Irene Johansen (A)
Johan Andersson (S)
Jorodd Asphjell (A)
Karen J. Klint (S)
Karin Gaardsted (S)
Lars Mejern Larsson (S)

Lennart Axelsson (S)
Maarit Feldt-Ranta (sd)
Orla Hav (S)
Peter Johnsson (S)
Phia Andersson (S)
Pyry Niemi (S)
Rikard Larsson (S)
Ruth Mari Grung (A)
Sonja Mandt (A)
Tony Wikström (ÅSD)
Ville Skinnari (sd)